# Samandreginn árshlutareikningur 1. janúar til 30. júní 2021

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Kt. 580804-2410

# Efnisyfirlit


Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ........ 3

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 5

Yfirlit um aðra heildarafkomu ........ 6

Efnahagsreikningur ........ 7

Eiginfjáryfirlit ........ 8

Sjóðstreymisyfirlit ........ 9

Skýringar ........ 10

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34.

Hagnaður af rekstri félagsins var á tímabilinu USD 16.471 þús. og heildarafkoma tímabilsins nam USD 17.311 þús. og eigið fé félagsins var USD 408.371 þús. í lok tímabilsins.

Hlutafé í lok júní 2021 skiptist á fjóra hluthafa, en þeir eru:

| | Eignarhlutur |
|---|---|
| Landsvirkjun ........ | 64,73% |
| Rarik ohf. ........ | 22,51% |
| Orkuveita Reykjavíkur ........ | 6,78% |
| Orkubú Vestfjarða ohf. ........ | 5,98% |

**Rekstur ársins og horfur**

Landsnet rekur flutningskerfi raforku á Íslandi sem er einn af mikilvægustu innviðum landsins. Áhrif á framkvæmdir vegna Covid-19 hafa verið óveruleg á fyrri hluta ársins og tafir á afhendingu vöru og þjónustu með minnsta móti. Vel er fylgst með rekstri samninga, framleiðslu birgja og afhendingu á vöru og þjónustu tengt framkvæmdum. Áætlanir félagsins gera ráð fyrir að fjárfestingar á árinu verði samkvæmt áætlun.

Vegna fjárfestinga hefur félagið verið að vinna í aukinni fjármögnun og var í júní skrifað undir lánasamning til 10 ára við Norræna fjárfestingarbankann að fjárhæð USD 50 milljónir. Verkefnin sem liggja til grundvallar lánveitingunni, uppfylla að fullu viðmið NIB um mótvægisaðgerðir gegn loftlagsbreytingum (climate change mitigation) samkvæmt skilmálum þeirra þar um.

Rekstur félagsins gekk vel á fyrri hluta ársins og er hagnaður tímabilsins yfir áætlun. Félagið metur að áhrif af Covid-19 á rekstrarniðurstöðu fyrri hluta ársins sé óverulegur og muni ekki hafa áhrif á rekstrarhæfi þess. Stjórnendur og stjórn fylgjast grannt með þróun á Covid-19 heimsfaraldrinum og áhrif þess á viðskiptavini og aðra þætti sem snúa að rekstrarumhverfi félagsins.

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. júní 2021 og rekstrarafkomu þess og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2021.

Jafnframt er það álit okkar að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Landsnets hf. hafa í dag rætt árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. ágúst 2021.

Stjórn félagsins:

Sigrún Björk Jakobsdóttir
Katrín Olga Jóhannesdóttir
Ólafur Rúnar Ólafsson
Magnús Þór Ásmundsson
Svava Bjarnadóttir

Forstjóri:

Guðmundur Ingi Ásmundsson

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Landsneti hf.

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar kannað meðfylgjandi árshlutareikning Landsnets hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

### Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

### Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2021 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 19. ágúst 2021.

***Deloitte ehf.***

Gunnar Þorvarðarson
endurskoðandi

Berglind Klara Daníelsdóttir
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur
## 1. janúar til 30. júní 2021

| | Skýr. | 1.1-30.6.2021 | 1.1-30.6.2020 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Tekjur af raforkuflutningi | 5 | 72.205 | 63.058 |
| Aðrar tekjur | | 930 | 749 |
| | | 73.135 | 63.807 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Orkukaup og kerfisþjónusta | 6 | 11.419 | 10.915 |
| Rekstur flutningskerfis | 7 | 24.018 | 23.280 |
| Kerfisstjórn | 7 | 4.645 | 3.873 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | 4.368 | 3.762 |
| | | 44.450 | 41.830 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 28.685 | 21.977 |
| Fjármunatekjur | | 136 | 6.039 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 8.279) | ( 7.702) |
| Hrein fjármagnsgjöld | 8 | ( 8.143) | ( 1.663) |
| Áhrif hlutdeildarfélags | | 41 | 80 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 20.583 | 20.394 |
| Tekjuskattur | 9 | ( 4.112) | ( 4.067) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 16.471 | 16.327 |
| **Hagnaður á hlut** | | | |
| Grunnhagnaður og þynnt hagnaður á hvern USD hlutafjár | | 0,36 | 0,36 |

Skýringar nr. 1 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Yfirlit um aðra heildarafkomu
# 1. janúar - 30. júní 2021

| | Skýr. | 1.1-30.6.2021 | 1.1-30.6.2020 |
|---|---|---|---|
| **Hagnaður** | | 16.471 | 16.327 |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning:** | | | |
| Þýðingamunur vegna dóttur- og hlutdeildarfélaga | | 176 | ( 797) |
| Breyting niðurrifsskuldbindingar að teknu tilliti til tekjuskatts | | 664 | ( 2.978) |
| **Liðir í heildarafkomu færðir á eigið fé** | | 840 | ( 3.775) |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | | 17.311 | 12.552 |

Skýringar nr. 1 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Efnahagsreikningur 30. júní 2021

| | Skýr. | 30.6.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | 7,10 | 732.366 | 704.084 |
| Flutningsvirki í byggingu | 10 | 117.930 | 121.374 |
| Óefnislegar eignir | 11 | 26.271 | 25.247 |
| Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélagi | | 5.634 | 5.417 |
| Langtímakröfur | 15 | 2.522 | 2.453 |
| Fastafjármunir | | 884.723 | 858.575 |
| Birgðir | | 5.707 | 5.194 |
| Viðskiptakröfur á móðurfélag | 15 | 4.687 | 4.383 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 17.679 | 17.520 |
| Handbært fé | | 37.386 | 25.766 |
| Veltufjármunir | | 65.459 | 52.863 |
| **Eignir samtals** | | 950.182 | 911.438 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 45.549 | 45.549 |
| Lögbundinn varasjóður | | 11.387 | 10.733 |
| Bundið eigið fé | | 1.098 | 1.057 |
| Endurmatsreikningur | | 163.057 | 166.798 |
| Þýðingarmunur | | 227 | 51 |
| Óráðstafað eigið fé | | 187.053 | 180.660 |
| Eigið fé | | 408.371 | 404.848 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 12 | 399.675 | 364.427 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 13 | 55.663 | 55.119 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | | 2.482 | 2.555 |
| Niðurrifsskuldbinding | | 17.159 | 17.727 |
| Langtímaskuldir | | 474.979 | 439.828 |
| Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda | 12 | 38.295 | 38.433 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 7.217 | 6.250 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 21.320 | 22.079 |
| Skammtímaskuldir | | 66.832 | 66.762 |
| Skuldir samtals | | 541.811 | 506.590 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 950.182 | 911.438 |

Skýringar nr. 1 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2021

| | Hlutafé | Lögbundinn varsjóður | Bundið eigið fé | Þýðinga-munur | Endurmats-reikningur | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Breytingar á eigin fé 1. janúar til 30. júní 2020:** | | | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2020 | 45.549 | 9.366 | 920 | 355 | 179.851 | 155.270 | 391.311 |
| Breyting niðurrifsskuldbindingar í gegnum heildarafkomu | | | | | ( 2.978) | | ( 2.978) |
| Þýðingamunur | | | | ( 797) | | | ( 797) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | | 16.327 | 16.327 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | 0 | 0 | ( 797) | ( 2.978) | 16.327 | 12.552 |
| Fært í lögbundinn varasjóð | | 667 | | | | ( 667) | 0 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags | | | 80 | | | ( 80) | 0 |
| Greiddur arður til eigenda | | | | | | ( 9.479) | ( 9.479) |
| Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna | | | | | ( 4.447) | 4.447 | 0 |
| Eigið fé 30. júní 2020 | 45.549 | 10.033 | 1.000 | ( 442) | 172.426 | 165.818 | 394.384 |
| **Breytingar á eigin fé 1. janúar til 30. júní 2021:** | | | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2021 | 45.549 | 10.733 | 1.057 | 51 | 166.798 | 180.660 | 404.848 |
| Breyting niðurrifsskuldbindingar í gegnum heildarafkomu | | | | | 664 | | 664 |
| Þýðingamunur | | | | 176 | | | 176 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | | 16.471 | 16.471 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | 0 | 0 | 176 | 664 | 16.471 | 17.311 |
| Fært í lögbundinn varasjóð | | 654 | | | | ( 654) | 0 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags | | | 41 | | | ( 41) | 0 |
| Greiddur arður til eigenda | | | | | | ( 13.788) | ( 13.788) |
| Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna | | | | | ( 4.405) | 4.405 | 0 |
| Eigið fé 30. júní 2021 | 45.549 | 11.387 | 1.098 | 227 | 163.057 | 187.053 | 408.371 |

Skýringar nr. 1 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2021

| | Skýr. | 1.1-30.6.2021 | 1.1-30.6.2020 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður | | 28.685 | 21.977 |
| **Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi** | | | |
| Afskriftir | 7 | 15.034 | 14.705 |
| Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða | | 43.719 | 36.682 |
| Rekstrartengdar eignir, hækkun | | ( 870) | ( 1.280) |
| Rekstrartengdar skuldir, lækkun (hækkun) | | 3.028 | ( 2.872) |
| Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða | | 45.877 | 32.530 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 33 | 64 |
| Greidd vaxtagjöld og gengismunur | | ( 6.241) | ( 4.235) |
| Greiddur tekjuskattur | | ( 2.767) | ( 2.828) |
| Handbært fé frá rekstri | | 36.902 | 25.531 |
| | | | |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í flutningsvirkjum | 10 | ( 42.865) | ( 28.344) |
| Aðrar fjárfestingar | 10,11 | ( 1.688) | ( 1.223) |
| Söluverð fastafjármuna | | 0 | 258 |
| Langtímakröfur, breyting | | 31 | 25 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 44.522) | ( 29.284) |
| | | | |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir af skuldum við móðurfélag | | 0 | ( 68.234) |
| Afborganir langtímalána | | ( 46.792) | ( 6.434) |
| Tekin langtímalán | | 79.910 | 99.524 |
| Greiddur arður til eigenda | | ( 13.788) | ( 9.479) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 19.330 | 15.377 |
| | | | |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 11.710 | 11.624 |
| | | | |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | | ( 90) | ( 1.230) |
| | | | |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 25.766 | 30.973 |
| | | | |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 37.386 | 41.367 |

Skýringar nr. 1 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Skýringar

## 1. Félagið

Landsnet hf. er með lögheimili að Gylfaflöt 9, Reykjavík. Félagið er dótturfélag Landsvirkjunar og er árshlutareikningur Landsnets hf. hluti af samstæðureikningi Landsvirkjunar. Félagið var stofnað á árinu 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti árið 2003. Hlutverk þess er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun á Íslandi samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu.  Samandreginn árshlutareikningur Landsnets hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa árshlutareikninginn í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2020. Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu félagsins www.landsnet.is og á www.nasdaqomxnordic.com

## 3. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þessar eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Ákvarðanir og mat stjórnenda við beitingu á reikningsskilaaðferðum félagsins eru sömu og voru við gerð ársreiknings 31.12.2020.  Eftirfarandi eru þeir matsþættir og forsendur sem fela í sér óvissu, sem gæti orsakað verulegar breytingar á bókfærðu virði eigna félagsins á árinu, m.a. vegna áhrifa af Covid-19:

**Mat á mögulegri virðisrýrnun**

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli eru línur og tengivirki félagsins færð samkvæmt endurmatsaðferð.  Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti, þegar stjórnendur meta það að verulegar breytingar hafi orðið á gangvirði eignanna.  Einnig meta stjórnendur í lok hvers reikningsskilatímabils hvort einhverjar vísbendingar séu um virðisrýrnun. Með Covid-19 heimsfaraldrinum voru vísbendingar um virðisrýrnum á árinu 2020 en telja stjórnendur að vísbendingar um virðisrýrnun séu ekki lengur til staðar en þess í stað eru stjórnendur að meta vísbendingar um hvort ástæða sé til að endurmeta flutningsvirki félagsins, sbr. skýringu 10.

**Mat á væntu útlánatap**

Samkvæmt IFRS 9 er mat á töpuðum útlánum byggt á líkum um væntanlegt tap (e. ECL model) og hefur félagið farið yfir líkur á væntanlegu tapi.  Vísbendingar um útlánatap hjá félaginu eru minni í lok júní í samanburði við stöðu í upphafi árs en stjórnendur munu enn sem áður fylgjast grannt með stöðu viðskiptavina félagsins.

## 4. Reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2020.

Árshlutareikningurinn er gerður í Bandaríkjadölum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.  Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum Bandaríkjadala nema annað sé tekið fram.  Árshlutareikningurinn byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að flutningsnet félagsins er fært á endurmetnu virði.

### *Nýir reikningsskilastaðlar*

Félagið hefur innleitt alla reikningsskilastaðla og breytingar á reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2021 og hafa verið samþykktar af Evrópusambandinu.

## 5. Tekjur af raforkuflutningi

Tekjur af flutningi raforku greinast þannig:

| | 2021<br>1.1.-30.6. | 2020<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Orkuflutningur til stórnotenda | 37.000 | 32.390 |
| Orkuflutningur til dreifiveitna | 23.240 | 19.222 |
| Flutningstap og kerfisþjónusta | 11.102 | 10.666 |
| Þjónustutekjur og jöfnunarorka | 290 | 309 |
| Innmötunargjald | 573 | 471 |
| Tekjur af raforkuflutningi samtals | 72.205 | 63.058 |

## 6. Orkukaup og kerfisþjónusta

Orkukaup og kerfisþjónusta greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Orkukaup vegna flutningstapa | 6.695 | 6.686 |
| Kerfisþjónustukaup | 4.724 | 4.229 |
| Orkukaup og kerfisþjónusta samtals | 11.419 | 10.915 |

## 7. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 10 | 14.834 | 14.570 |
| Afskriftir og virðisrýrnun óefnislegra eigna, sbr. skýringu 11 | 200 | 135 |
| Afskriftir færðar í rekstrarreikning | 15.034 | 14.705 |

Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:

| | | |
|---|---|---|
| Rekstur flutningskerfis | 14.559 | 14.230 |
| Kerfisstjórn | 176 | 181 |
| Annar rekstrarkostnaður | 299 | 294 |
| Afskriftir færðar í rekstrareikning | 15.034 | 14.705 |

## 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankareikningum | 55 | 352 |
| Tekjur af verðbréfaeign | 81 | 86 |
| Gengishagnaður | 0 | 5.601 |
| Fjármunatekjur samtals | 136 | 6.039 |
| | | |
| Vaxtagjöld | ( 8.757) | ( 8.511) |
| Verðbætur | ( 923) | ( 481) |
| Gengistap | ( 1.435) | 0 |
| Áhrif núvirðingar niðurrifsskuldbindingar | ( 262) | ( 246) |
| Eignfærðir vextir vegna flutningsvirkja í byggingu | 3.098 | 1.536 |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 8.279) | ( 7.702) |
| | | |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 8.143) | ( 1.663) |

Eignfærður fjármagnskostnaður nam 4,6% (30.06.20: 4,8%) á ársgrundvelli af bundnu fé í flutningsvirkjum í byggingu og undirbúningsverkefnum á tímabilinu. Um er að ræða meðaltals fjármagnskostnað félagsins á tímabilinu.

## 9. Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:

| | 2021<br>1.1.-30.6. | 2020<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Frestaður tekjuskattur tímabilsins | ( 543) | ( 71) |
| Tekjuskattur færður meðal annarrar heildarafkomu | 166 | ( 745) |
| Tekjuskattur til greiðslu | ( 3.735) | ( 3.251) |
| Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi | ( 4.112) | ( 4.067) |
| | | |
| Virkur tekjuskattur | ( 20,0%) | ( 19,9%) |

## 10. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Tengivirki | Háspennu-línur | Aðrir fasta-fjármunir | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Staða 1.1.2020 | 442.729 | 595.995 | 40.406 | 1.079.130 |
| Viðbætur á árinu | 3.184 | 226 | 849 | 4.259 |
| Flutt af flutningsvirkjum í byggingu | 4.815 | 4.649 | 0 | 9.464 |
| Selt | 0 | 0 | ( 392) | ( 392) |
| Staða 31.12.2020 | 450.728 | 600.870 | 40.863 | 1.092.461 |
| Viðbætur á tímabilinu | 1.639 | 656 | 229 | 2.524 |
| Flutt af flutningsvirkjum í byggingu | 25.916 | 14.676 | 0 | 40.592 |
| Staða 30.6.2021 | 478.283 | 616.202 | 41.092 | 1.135.577 |
| | | | | |
| **Afskriftir og virðisrýrnun** | | | | |
| Staða 1.1.2020 | 134.013 | 209.559 | 15.519 | 359.091 |
| Afskriftir ársins | 12.789 | 15.326 | 1.473 | 29.588 |
| Selt og aflagt | 0 | 0 | ( 302) | ( 302) |
| Staða 31.12.2020 | 146.802 | 224.885 | 16.690 | 388.377 |
| Afskriftir tímabilsins | 6.405 | 7.673 | 756 | 14.834 |
| Staða 30.6.2021 | 153.207 | 232.558 | 17.446 | 403.211 |
| | | | | |
| **Bókfært verð** | | | | |
| 1.1.2020 | 308.716 | 386.436 | 24.887 | 720.039 |
| 31.12.2020 | 303.926 | 375.985 | 24.173 | 704.084 |
| 30.6.2021 | 325.076 | 383.644 | 23.646 | 732.366 |
| **Bókfært verð án endurmats** | | | | |
| 1.1.2020 | 224.357 | 241.147 | 24.887 | 490.391 |
| 31.12.2020 | 223.440 | 238.129 | 24.173 | 485.742 |
| 30.6.2021 | 246.471 | 249.413 | 23.646 | 519.530 |

***Endurmat fastafjármuna í rekstri***

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 16 eru línur og tengivirki félagsins færð samkvæmt endurmatsaðferð (e. revaluation method). Þessar eignir voru síðast endurmetnar í lok árs 2015.

Samkvæmt stefnu félagsins um endurmat rekstrarfjármuna þá endurmetur félagið línur og tengivirki, sé munur á bókfærðu verði endurmetinna fasteigna og gangvirðis orðinn 5% og yfir 5 milljarða króna. Vísbendingar eru um að slíkur munur sé að skapast. Til grundvallar á endurmati ársins er annarsvegar rekstrarvirði með sjóðsstreymisgreiningu og hinsvegar áætlaður endurbyggingar-kostnaður flutningskerfisins, sem metinn er af óháðum sérfræðingum. Slíkt mat mun liggja fyrir í lok árs og ákvarðast þá hvort áðurnefndur munur sé komin yfir mörkin.

## 10. Rekstrarfjármunir, frh.:

***Flutningsvirki í byggingu:***

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | |
| Staða 1.1. | 121.374 | 47.443 |
| Viðbætur á tímabilinu | 36.994 | 83.394 |
| Flutt af undirbúningskostnaði | 154 | 1 |
| Flutt á rekstrarfjármuni | ( 40.592) | ( 9.464) |
| Staða 30.6. / 31.12. | 117.930 | 121.374 |

## 11. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

| | Undirbúnings-kostnaður | Hugbúnaður | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | |
| Staða 1.1.2020 | 28.928 | 5.022 | 33.950 |
| Viðbætur á árinu | 2.008 | 53 | 2.061 |
| Flutt af flutningsvirki í byggingu | ( 1) | 0 | ( 1) |
| Staða 31.12.2020 | 30.935 | 5.075 | 36.010 |
| Viðbætur á tímabilinu | 1.075 | 303 | 1.378 |
| Flutt á flutningsvirki í byggingu | ( 154) | 0 | ( 154) |
| Staða 30.6.2021 | 31.856 | 5.378 | 37.234 |
| **Afskriftir og virðisrýrnun** | | | |
| Staða 1.1.2020 | 6.294 | 3.706 | 10.000 |
| Afskriftir og virðisrýrnun ársins | 693 | 70 | 763 |
| Staða 31.12.2020 | 6.987 | 3.776 | 10.763 |
| Afskriftir og virðisrýrnun tímabilsins | 172 | 28 | 200 |
| Staða 30.6.2021 | 7.159 | 3.804 | 10.963 |
| **Bókfært verð** | | | |
| 1.1.2020 | 22.634 | 1.316 | 23.950 |
| 31.12.2020 | 23.948 | 1.299 | 25.247 |
| 30.6.2021 | 24.697 | 1.574 | 26.271 |

## 12. Vaxtaberandi skuldir

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

| **Langtímaskuldir** | 30.6.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Lánasamningar og skuldabréf í bandaríkjadölum (USD), fastir vextir | 391.194 | 353.681 |
| Lánasamningur í svissneskum frönkum (CHF), Libor vextir + álag | 6.346 | 9.978 |
| Skráð skuldabréf á NASDAQ OMX í íslenskum krónum, fastir vextir | 39.008 | 37.853 |
| | 436.548 | 401.512 |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda | ( 38.295) | ( 38.433) |
| | 398.253 | 363.079 |
| Skuldbinding vegna nýtingarréttar leigueigna | 1.422 | 1.348 |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals | 399.675 | 364.427 |

Vaxtakjör af lánum félagsins eru frá 0% til 5%. Vegnir meðalvextir félagsins eru 4,01% (31.12.2020: 4,21%).

Í júní var tekið var skrifað undir lánasamning við Norræna fjárfestingarbankann að fjárhæð USD 50 milljónir. Lánið er til 10 ára og ber fasta vexti.

## 12. Vaxtaberandi skuldir, frh.:

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| 1.7.2021 - 30.6.2022 / 1.1.2021 - 31.12.2021 | 38.295 | 38.433 |
| 1.7.2022 - 30.6.2023 / 1.1.2022 - 31.12.2022 | 12.072 | 15.226 |
| 1.7.2023 - 30.6.2024 / 1.1.2023 - 31.12.2023 | 47.206 | 23.012 |
| 1.7.2024 - 30.6.2025 / 1.1.2024 - 31.12.2024 | 12.354 | 26.160 |
| 1.7.2025 - 30.6.2026 / 1.1.2025 - 31.12.2025 | 12.488 | 7.288 |
| Síðar | 314.133 | 291.393 |
| | 436.548 | 401.512 |

## 13. Tekjuskattskuldbinding

| Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig: | 2021<br>1.1.-30.6. | 2020<br>1.1.-31.12. |
|---|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding 1. janúar | 55.119 | 55.563 |
| Reiknaður tekjuskattur | 4.112 | 6.808 |
| Áhrif tekjuskatts á heildarafkomu vegna niðurrifsskuldbindingar | 167 | (1.002) |
| Tekjuskattur til greiðslu | (3.735) | (6.250) |
| Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabilsins | 55.663 | 55.119 |

Tekjuskattskuldbinding greinist þannig í lok tímabilsins:

| | | |
|---|---|---|
| Rekstrarfjármunir | 55.338 | 55.054 |
| Óefnislegar eignir | 3.969 | 3.436 |
| Aðrar eignir | 742 | 754 |
| Niðurrifsskuldbinding | (3.432) | (3.545) |
| Aðrar skuldbindingar | (841) | (849) |
| Óinnleystur gengismunur | (113) | 269 |
| Tekjuskattskuldbinding í lok tímabilsins | 55.663 | 55.119 |

## 14. Fjármálagerningar

***Lausafjáráhætta***

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

| 30. júní 2021 | Bókfært verð | Samnings-bundið sjóðstreymi | Innan 12 mánaða | 1-2 ár | 2-5 ár | Eftir 5 ár |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:** | | | | | | |
| Langtímask. | 440.050 | 551.702 | 55.594 | 28.657 | 115.759 | 351.692 |
| Viðskiptask. og aðrar skt.sk. | 16.770 | 16.770 | 16.770 | 0 | 0 | 0 |
| | 456.820 | 568.472 | 72.364 | 28.657 | 115.759 | 351.692 |

| 31. desember 2020 | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:** | | | | | | |
| Langtímask. | 405.113 | 518.774 | 55.177 | 31.029 | 98.991 | 333.577 |
| Viðskiptask. og aðrar skt.sk. | 17.096 | 17.096 | 17.096 | 0 | 0 | 0 |
| | 422.209 | 535.870 | 72.273 | 31.029 | 98.991 | 333.577 |

## 14. Fjármálagerningar

**Gangvirði**

**Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði**

Gangvirði og bókfært verð fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi greinist þannig:

| | 30.6.2021 | | 31.12.2020 | |
|---|---|---|---|---|
| | Bókfært verð | Gangvirði | Bókfært verð | Gangvirði |
| Aðrar langtímaskuldir ........................................ | ( 436.548) | ( 461.295) | ( 401.512) | ( 470.627) |
| | ( 436.548) | ( 461.295) | ( 401.512) | ( 470.627) |

### Vextir við mat á gangvirði

Við núvirðingu vænts sjóðstreymis eru notaðir vextir af ríkisskuldabréfum auk 1 prósentustiga álags á uppgjörsdegi.

## 15. Tengdir aðilar

### Skilgreining tengdra aðila

Hluthafar, móðurfélag, dótturfélag, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra í eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

### Viðskipti við tengda aðila

| | 1.1.-30.6.2021 | 1.1.-30.6.2020 |
|---|---|---|
| **Sala á vöru og þjónustu:** | | |
| Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess ........................................................ | 29.898 | 25.655 |
| Aðrir hluthafar ........................................................................................................ | 26.668 | 21.582 |
| Sala á vöru og þjónustu til tengdra aðila samtals ............................................... | 56.566 | 47.237 |
| | | |
| **Kaup á vörum og þjónustu:** | | |
| Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess ........................................................ | 8.846 | 7.240 |
| Aðrir hluthafar ........................................................................................................ | 4.075 | 4.441 |
| Kaup á vörum og þjónustu frá tengdum aðilum samtals ..................................... | 12.921 | 11.681 |

**Staða**

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

| | 30.6.2021 | | 31.12.2020 | |
|---|---|---|---|---|
| | Kröfur | Skuldir | Kröfur | Skuldir |
| Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess ....... | 4.687 | 0 | 4.383 | 0 |
| Aðrir hluthafar .................................................... | 3.456 | 0 | 6.592 | 0 |
| Samtals ............................................................ | 8.143 | 0 | 10.975 | 0 |

Aðrar kröfur og skuldir við tengda aðila greinast þannig:

| | 30.6.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Vaxtaberandi langtímakröfur á hlutdeildarfélag ................................................... | 2.583 | 2.510 |

# Skýringar, frh.:

## 16. Önnur mál

Á aðalfundi hinn 25. mars síðastliðinn var samþykkt að eigendum fyrirtækisins yrði greiddur arður að fjárhæð 1.750 milljónir íslenskra króna eða 13,8 millj. USD. Arðurinn var greiddur til eigenda í mars 2021.

## 17. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:

| **Rekstur:** | **1.1.-30.6.2021** | **1.1.-30.6.2020** |
|---|---|---|
| Rekstrarhagnaður (EBIT) ........................................................................... | 28.685 | 21.977 |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) ......................................................... | 43.719 | 36.682 |
| **Efnahagur:** | **30.6.2021** | **31.12.2020** |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir ............................................. | 0,98 | 0,79 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn ............................................................ | 43,0% | 44,4% |
| Arðsemi eigin fjár á meðalstöðu eiginfjár ............................................................ | 8,1% | 6,9% |